

Ræða á aðalfundi SAF 2013

Ráðherra, félagar, góðir gestir,

Það er gaman í ferðapjónustu. Atvinnugreinin okkar hefur lengst af ekki verið tekin alvarlega heldur verið talin áhugamál nokkurra sérvitringa. Ráðamenn ræddu okkar grein einungis á tyllidögum þegar fegra þurfti boðskapinn án þess að málefni greinarinnar hafi í raun verið skoðuð af alvöru. Nú er hinsvegar af margvíslegum ástæðum byr í seglunum. Komum erlendra ferðamanna fjölgar sem aldrei fyrr og það sem er mest um vert, árstíðarsveiflan er að minnka. Tölur um brottfarir erlendra ferðamanna nú í vetur hafa verið með ólíkindum og sýnir sú þróun fram á að þær markaðsaðgerðir sem unnar hafa verið á undanförunum árum eru að skila sér. Úrtöllumenn vilja halda því fram að þær markaðsaðgerðir sem stundaðar hafa verið og árangur af þeim sé fyrst og fremst tilkominn vegna hins áhrifamikla eldgoss í Eyjafjallajökli eða vegna hruns krónunnar sem gert hafi Ísland hagkvæmari áfangastað en ella. En þá má spyrja sig, hvað höfðu þessir þættir með árstíðarsveifluna að gera og jöfnun hennar? Hvatti eldgos í Eyjafjallajökli til þess að ferðamenn kæmu til Íslands að vetrarlagi? Nú eða hrun íslensku krónunnar, hvað hafði það með ferðapjónustu að vetrarlagi að gera? Að sjálfsögðu vöktu þessir atburði athygli á Íslandi en ef ekkert hefði fylgt á eftir má þá gera ráð fyrir að þessi þróun hefði átt sér stað? Einstakt átak fjölmargra aðila í ferðapjónustu og stjórnvalda undir heitinu Inspired by Iceland hefur náð miklum árangri en auðvitað hefur síðan aukið framboð á flugi Icelandair yfir vetrarmánuðina haldist í hendur við þetta mikla markaðsátak og gert það að verkum að árangurinn er eins og raun ber vitni. Nú þegar Inspired by Iceland átakið er um það bil hálfnað er mikilvægt að allir félagsmenn SAF átti sig á mikilvægi þess og komi sterkir inn í seinni hlutann með því að taka þátt með ekki síðri hætti en hingað til. Þrjú ár er ekki langur tími í uppbyggingu á heilum árstíma í íslenskri ferðapjónustu þannig að hér gildir ekkert annað en úthald í allt tímabilið sem átakið stendur.

Áhrif ferðapjónustunnar gætir víða og í morgunkorni Íslandsbanka í síðustu viku var vakin athygli á þeirri staðreynd að aukning í komum erlendra ferðamanna á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs hafi aukið gjaldeyrisöflun þjóðarinnar verulega þannig að nánast er um jöfnun að ræða í útstreymi gjaldeyris vegna ferðalaga íslendinga erlendis á móti innstreymi gjaldeyris vegna erlendra ferðamanna hér á landi. Þekkt er sú þróun að gengi íslensku krónunnar hefur að

jafnaði styrkst yfir sumartímann þegar einna mesta innflæðið er af gjaldeyri vegna erlendra ferðamanna í landinu. Þetta innflæði gjaldeyris og styrking krónunnar samhliða hefur margvísleg áhrif umfram það að jafna útflæði gjaldeyris íslendinga erlendis. Með styrkingu krónunnar lækkar verð á innfluttri vöru og þar með lækkar verðbólga í landinu sem aftur hefur áhrif á verðtryggð lán heimila í landinu. Samfélagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar verður því sífellt meira með beina tengingu við afkomu heimilanna í landinu.

Stjórnámálamenn sem nú gera hosur sýnar grænar fyrir okkur kjósendum ættu að hafa þetta í huga þegar þeir eru að leggja áherslu á að bæta stöðu heimilanna. Ferðaþjónustan er ekki bara grein sem býr til störf án milljarða fjárfestinga heldur aflar einnig verðmæts gjaldeyris sem styrkir stöðu krónunnar og þar með stöðu allra landsmanna.

Mikilvægi ferðaþjónustu í tekjuöflun samfélaga er okkur ofarlega í huga á þessum aðalfundi og fengum við með það í huga framkvæmdastjóra hjá Visit Denver í Colorado til að segja okkur frá þeirra reynslu af því að mæla efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu en þau halda úti heilli heimasíðu um þessi mál sem kallast Tourism Pays eða ferðaþjónusta borgar sig í lauslegri þýðingu. Það verður áhugavert að heyra reynslu þeirra af því að setja mismunandi mikið fjármagn í markaðssetningu Denver og Colorado og hvernig þau hafa gert samfélagið meðvitað um hversu mikilvæg ferðaþjónusta er til að skapa öflugt og sterkt samfélag sem þar með eykur lífsgæði íbúanna.

Framtíðarsýn og framtíðarhorfur eru okkur hugleikin þessa daga fyrir kosningar, en að þeim loknum tekur við alvaran, hvernig ætlum við að ná samfélaginu úr sporum stöðnunar og neikvæðs hagvaxtar. Seðlabanki Íslands leiðrétti nú nýverið spá sýna um hlutfall fjárfestingar á síðasta ári, hlutfallið var 5% lægra en menn höfðu talið og stefnir í 1% minnkun á þessu ári. Í eðlilegu árferði er fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu nærri 20% og jafnvel þar yfir ef vel ætti að vera. Hagvöxtur var þegar betur var rýnt í tölur síðasta árs líklega neikvæður frekar en jákvæður samkvæmt mati sérfræðinga, hér verður að breyta um kurs. Stöðnun og samdráttur í samfélaginu getur ekki verið það sem stefnt er að. Hvernig á að standa undir öfluggu heilbrigðis- og menntakerfi ef fjárfesting er lítil og hagvöxtur neikvæður.

Innan nokkurra mánaða verða langflestir kjarasamningar í landinu lausir. Gasprerar og lýðskrumarar munu án efa hafa stór orð um að nú þurfi að setja

stóra tveggja stafa tölu fyrir framan prósentumerkið til að efla kjör landsmanna. En hver er reynslan af slíkri aðferðafræði, hafa innistæðulausar launahækkunarverð það sem skilar samfélögum áfram? Höfrungahlaup þar sem verðbólga og prósentuhækkunar launa keppast við í tilgangslausu kapphlaupi hefur ávallt leitt til minnkandi kaupmáttar og óstöðugleika ásamt auknu atvinnuleysi. Hér er nær að horfa til þeirra landa sem standa best í dag, hvaða lönd eru það sem koma best út úr þeim samdrætti sem hefur einkennt stöðuna í mörgum löndum í okkar heimsálfu. Nágrannar Þýskalands hafa kvartað undan því að þar í landi hafi verið haldið aftur að launahækkunum sem gert hafi það að verkum að Þýskaland stendur nú mun sterkar en önnur nágrannalönd þeirra. Sérstaklega hafa Spánverjar og Frakkar veist að Þjóðverjum vegna þessa en hvað skildi nú vera ástæða þessa að Spánn og Frakkland standa verr að vígi en Þjóðverjar. Er ekki líklegra að innistæðulausar og loftbólukennar launahækkunar í þessum löndum sé ástæða þess að þar gengur ekki sem skildi í stað þess að kenna þeim um sem haldið hafa skynsamlega á málum með raunhæfum launahækkunum og þar með fylgjandi kaupmáttaraukningu. Hér er ástæða til að staldra við og velta fyrir sér hvort hér sé ekki um að ræða fordæmi sem stéttarfélögin hér á landi þurfa að læra af. Reynsla okkar og annarra þjóða er einmitt sú að einungis með launahækkunum þar sem innistæða er fyrir er hægt að auka kaupmátt launþega. Ég hvet stéttarfélögin til að hafa þetta í huga þegar þau móta stefnu sína fyrir komandi kjarasamninga. Sterkar útflutningsgreinar með öflugri stöðu á erlendum samkeppnismarkaði er það sem skilar okkur auknum fjárfestingum og öflugum hagvexti.

Um miðjan ágúst síðastliðinn bárust okkur þær fréttir úr fjölmiðlum að fjármálaráðherra hefði ákveðið að hækka virðisaukaskatt á gistingu úr 7% í 25,5% með mjög stuttum fyrirvara eða frá 1. maí á þessu ári. Fylgdi þáverandi fjármálaráðherra þessari fyrirhuguðu breytingu með einhverjum lágkúrulegasta málflutningi sem nokkur ráðherra hefur flutt gagnvart okkar grein þar sem hún taldi ferðaþjónustuna vera niðurgreidda atvinnugrein sem skilaði ekki sínu í þjóðarþúið. Í framhaldi af þessu voru síðan kynntar hugmyndir um breytingar á vörugjöldum á bílaleigubílum sem að óbreyttu hefðu gengið mjög nærri rekstri þeirra, flotinn hefði elst til muna og endurnýjun orðið helmingi minna en að var stefnt auk þess sem verð á bílaleigubílum til ferðamanna hefði þurft að hækka um þriðjung. Samtök ferðaþjónustunnar hafa sjaldan staðið frammi fyrir annarri eins ógn af hendi stjórnvalda og var því strax ákveðið að grípa til varna

með því að fá færustu sérfræðinga til að gera stjórnvöldum grein fyrir því að þessar aðgerðir myndu ekki skila þjóðarbúinu auknum tekjum af ferðaþjónustu heldur þvert á móti myndu tekjur dragast verulega saman. Endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtæki voru fengin til verksins og hleypur kostnaður samtakanna á milljónum vegna þessa en með vandaðri vinnu þeirra, starfsmanna SAF og margra félagsmanna var niðurstaðan sú að mun lengri fyrirvari er á breytingunni á virðisaukaskattinum og verður aftur tekið upp 14% þrep eins og var í gildi fyrir nokkrum árum síðan. Breytingar á vörugjöldum á bílaleigur voru jafnframt að nokkru leyti dregnar til baka og hafði því þessi barátta þó nokkurn árangur þó auðvitað hefðum við viljað að gengið yrði lengra. Flækjustigið í virðisaukaskattkerfinu er með þessari síðustu breytingu hinsvegar orðið það mikið að einn reikningur til ferðamanns getur innihaldið allt að 4 mismunandi virðisaukaskattsþrep. Hér er því enn verk að vinna til að einfalda hlutina og gera kerfið markvissara.

Mikið hefur verið rætt um nauðsyn þess að auka þurfi við það fjármagn sem notað er til að byggja upp og viðhalda fjölsóttum ferðamannastöðum. Fyrir tæpum tveimur árum síðan voru samþykkt á Alþingi lög um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Fjármögnun sjóðsins átti að stærstum hluta að vera í gegnum gistináttaskatt sem ákveðið hafði verið að leggja á alla gistingu í landinu. Sú leið að skattleggja gistingu til slíkrar fjármögnunar var ítrekað varað við á vettvangi SAF og voru stjórnvöld hvött til að leita annarra leiða við fjármögnun enda hefur komið í ljós að heimtur eru mun minni en gert var ráð fyrir í upphafi. Stjórnvöld hafa nú ákveðið að setja 500 milljónir á ári til næstu þriggja ára til að fjármagna sjóðinn og er þar um tíföldun að ræða frá framlögum sem farið hafa í þennan málaflokk á undanförunum árum og er það mikið fagnaðarefni. Í samhengi við þetta er eðlilegt að fram fari endurskoðun á áður nefndum gistináttaskatti enda er hann flókinn í innheimtu og skilar litlu miðað við kostnað við álagningu.

Aðrar leiðir til fjármögnunar á framkvæmdum við fjölsóttu ferðamannastaði hafa mikið verið í umræðunni og eru ýmsar hugmyndir á lofti, en þó telja flestir að nálgast þurfi verkefnið með það í huga að þeir sem fari á staðina borgi fyrir notkunina. Á sama tíma þarf að huga að hagkvæmni innheimtunnar þannig að ekki of mikið af tekjunum fari í hana. Ein leið sem mikið hefur verið rædd er upptaka náttúrupassa. Slíkur passi gæti gilt fyrir mismunandi stór svæði

landsins en jafnframt náð yfir þjóðgarðana. Til viðbótar við slíka fjármögnun má sjá fyrir sér aukna gjaldtöku fyrir ákveðna þjónustu, svo sem bílastæðagjöld en það hefur ekki þekkt hingað til að slík gjöld séu innheimt við ferðamannastaði þrátt fyrir að það sé þekkt og tiltölulega einföld leið.

En það þarf ekki bara að huga að uppbyggingu á ferðamannastöðum, innviðir landsins í heild þurfa að geta tekið á móti auknum fjölda ferðamanna, hvort sem er innlendum eða erlendum. Svartri atvinnustarfsemi þarf að útrýma. Árið 1975 áætlaði þáverandi ferðamálastjóri Birgir Þorgilsson að opinberar gjaldeyristekjur þjóðarinnar væru vantaldar um 25% vegna svartrar atvinnustarfsemi. Getur verið að þetta eigi enn við í dag? Samtök ferðaþjónustunnar hafa ítrekað bent stjórnvöldum á þetta mein í atvinnugreininni en lítið hefur verið aðhafst. Starfshópur sem settur var á laggirnar fyrir í vetur um þessi mál lauk starfi sínu í gær og vonumst við sem í atvinnugreininni störfum að nú verði loksins farið í alvöru aðgerðir til að taka á þessum málum. Eins og við höfum stöðugt ítrekað er þetta ekki bara stórt samkeppnismál heldur skapa slíkar aðgerðir tekjur fyrir ríkissjóð og stuðla að auknu öryggi gesta okkar.

Góðir fundarmenn, ég sagði í upphafi að það væri gaman í ferðaþjónustu. Við sem í þessari grein störfum erum að vinna að því að uppfylla drauma okkar viðskiptavina. Stundum margra ára drauma, sem gestir okkar hafa gengið með í maganum frá því að eitthvað vakti áhuga þeirra á heimsókn til landsins. Hvað er skemmtilegra en að eiga þátt í því að uppfylla drauma fólks? Drauma um einstakt frí frá amstri hversdagsins á einstökum stað fjarri heimaslóðum. Þegar mikið er að gera og vöxturinn hraður má ekki gleyma því að okkar vinna snýst um að láta þessa drauma verða að veruleika og ef við höfum það í huga þegar við göngum til starfa að þá er ég viss um að við munum áfram eiga bjarta framtíð með ferðaþjónustu sem eina af lykilatvinnugreinum landsins.